

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, sbr. 6. gr. bráðabirgðalaga nr. 86/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. september 1993, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 462, 22. desember 1992.

Samgönguráðuneytið, 11. ágúst 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

10. ágúst 1993

Nr. 332

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisauka-
skatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns.**

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Peir aðilar geta átt rétt til endurgreiðslu skv. 1. mgr. sem starfa eftir einkaleyfi sem iðnaðarráðuneyti hefur veitt og samkvæmt sérstakri reglugerð, sbr. orkulög, nr. 58/1967. Jafnframt skal liggja fyrir gjaldskrá, staðfest af iðnaðarráðuneyti og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðast svo:

Eftirtaldir aðilar, sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., eiga rétt til endurgreiðslu og skal þeim endurgreiddur tilgreindur hundraðshluti af álögðum virðisaukaskatti:

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	61%
Hitaveita Hvammstanga	19%
Hitaveita Blönduóss	35%
Hitaveita Seyluhrepps	19%
Hitaveita Hríseyjar	32%
Hitaveita Akureyrar	60%
Hitaveita Reykjahlíðar	43%
Hitaveita Egilsstaða og Fella	43%
Hitaveita Rangæinga	58%
Selfossveitur vegna Hitaveitu Eyra	58%
Hitaveita Þorlákshafnar	20%
Hitaveita Suðurnesja	27%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	55%
Orkubú Vestfjarða	62%
Rafmagnsveitur ríkisins	58%

3. gr.

1. mgr. 5. gr. orðast svo:

Aðilar sem fá endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari skulu færa meðal efnahagsliða í fjárhagsbókhaldi sínu sérstakan biðreikning vegna uppsöfnunar á endurgreiðslum hvers tímabils. Á debet-hlið reikningsins skal færa endurgreiðslur hvers uppgjörstímabils en um

kredit-hlið færast heildarfjárhæð endurgreiðslna á uppgjörstímabili, þegar skattstjóri hefur samþykkt endurgreiðslubeiðni, sbr. 4. gr. Endurgreiðslan skal tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, gildir frá 1. júlí 1993.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

SAMÞYKKTIR

fyrir Innheimtustöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

1. Nafn og aðsetur.

- 1.1. Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga, skammstafað IHM. Heimili miðstöðvarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni.

- 2.1 Innheimtustöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 11. gr. 3. og 4. mgr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu.
- 2.2 Innheimtustöðin hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi við tilgang sinn:
 1. Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaganna og skipta þeim milli aðildarfélaganna.
 2. Að annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
 3. Að samhæfa kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og gera samninga á þessu sviði.

3. Aðild.

- 3.1 Aðilar að samtökum þessum eru: STEF, samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda og Rithöfundasamband Íslands. Önnur félög geta sótt um aðild enda teljast þau hafa verulegra hagsmuna að gæta á þessu sviði. Þó geta og önnur félög, sem minni hagsmuna hafa að gæta, öðlast aukaaðild að samtökunum. Einnig ef verulegur hluti rétthafa á tilteknu sviði nær ekki samstöðu um hagsmunagæslu innan eins og sama félags og fleiri félög á því sviði hafa sótt um aðild að samtökunum. Aðeins einu félagi á sama sviði verður veitt full aðild.

4. Skipulag.

- 4.1 Stjórn samtakanna skipa fimm menn, tveir tilnefndir af STEFi, tveir frá SFH og einn frá Rithöfundasambandinu. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varaformann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í tvö ár.